

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Reykjavík, 30. apríl 2024

Efni: Umsögn um ráðstöfun eignarhlutar í Íslandsbanka

Nasdaq Iceland (Kauphöllin) þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við frumvarp til laga um ráðstöfun eignarhlutar í Íslandsbanka hf., sbr. mál nr. 920 sem sent var til umsagnar þann 18. apríl 2024.

Framkvæmdin

Kauphöllin fagnar því að frumvarpsdrögin geri ráð fyrir ráðstöfun eignarhlutar með markaðssettu útboði, einu eða fleirum, og er tekið fram að þannig gefist almenningi kostur á að taka þátt. M.ö.o. að um verði að ræða almenn útboð. Kveða drögin einnig á um að sala til einstaklinga hafi forgang.

Þá áréttar Kauphöllin að hún er almennt mjög hlynnt því að eignir séu seldar með almennu útboði, sér í lagi ef um er að ræða eignir ríkissjóðs. Almenn útboð eru flóknari í framkvæmd en hafa aftur á móti þá kosti að þau eru talsvert gagnsærri og eru góð leið til að tryggja jafnan aðgang fjárfesta, stórra sem smárra.

Áhrif á hlutabréfamarkaðinn

Kauphöllin hefur lagt mikla áherslu á kosti þess að efla þátttöku almennings í hlutabréfaviðskiptum en slíkt er til þess fallið að styrkja fjármögnunarumhverfi Íslenskra fyrirtækja, sem og að auka gagnsæi og aðhald í atvinnulífinu. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að almenn útboð eru ein besta leiðin til að auka þátttöku almennings í hlutabréfaviðskiptum. Eigendum skráðra hlutabréfa hefur fjölgað frá því að vera um 8 þúsund manns árið 2019 í ríflega 30 þúsund manns í lok árs 2023. Hefur þar mestu munað um þátttöku í vel heppnuðum almennum útboðum, þ. á m. almennu útboði og skráningu Íslandsbanka árið 2021.

Kauphöllin hefur bent á mikilvægi þess að fjölga stórum félögum á hlutabréfamarkaði fyrir þróun markaðarins og eflingu fjármögnunarumhverfisins almennt. Það endurspeglast í stöðlum sem alþjóðlega vísitölufyrirtækið MSCI notar við gæðaflokkun hlutabréfamarkaða. Eitt skilyrði MSCI snýr beinlínis að fjölda stórra félaga sem skráð eru á hlutabréfamarkað. En skilyrðið lýtur ekki einungis að markaðsvirði viðkomandi félaga heldur er einnig litið til svokallaðs „flots“, þ.e. markaðsvirðis þeirra hluta í félögunum sem almennt má ætla að geti gengið kaupum og sölum. Frá floti dragast t.d. hlutir í eigu ríkisins. Með frekari sölu ríkisins á hlutum í Íslandsbanka eykst því flot hlutabréfa í bankanum og þar með aukast möguleikar Íslands til að klífa gæðaflokkunarstiga alþjóðlegra vísitölufyrirtækja. Eftir því sem hlutabréfamarkaður lands færist ofar í flokkunarstigann fjölgar þeim fjárfestum sem vilja eða hreinlega verða að fjárfesta á viðkomandi markaði, sem getur styrkt allt fjármögnunarumhverfið með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á uppbyggingu blómlegs atvinnulífs.

Kauphöllin hefur ekki frekari athugasemdir við drögin og er fús til frekari umræðu og samstarfs um ofangreint mál.

Virðingarfyllst,

Árnína S.K.

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir,
yfirlögfræðingur Nasdaq á Íslandi.